

**Mál nr. 246/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)**

### **Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. september 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 12. janúar 2022, er hann var að störfum hjá X, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að stigi sem M stóð í við störf sín hafi brotnað með þeim afleiðingum að M féll um tvo metra og varð fyrir líkamstjóni. Fyrir liggur tilkynning til Vinnueftirlitsins, dags. 20. janúar 2022, en atvikið var ekki rannsakað sérstaklega af hálfu þess. Er atvikum þar lýst svo að M hafi tekið stigann, sem hafi verið í notkun í einhver ár og M hafi notað í sama tilgangi dagana á undan, til að klifra upp á loft í þurrgámi. Hafi hann verið kominn langleiðina upp þegar hann heyrði smell og féll svo í gólfið. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna fyrrgreinds atvik en V hafnað kröfu hans með bréfi dags. 8. júní 2022. M byggir kröfu sína á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og hættulegra aðstæðna á vinnustað, þ.e. vanbúins stiga, en á vinnuveitanda hvíli skylda til að tryggja öryggi starfsmanna, og gæta þess að þeim sé ekki hættu búin af notkun tækja við vinnu sína. Atvinnurekandi beri þannig ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma vinnu þannig að ekki skapist hættu á slysum eða heilsutjóni. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim, auk fordæma Hæstaréttar. Þar sem slysið hafi þá ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins, sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980, verði X að bera hallann af sönnunarskortum sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M ekki hafa sýnt fram á að tjón hans megi rekja til vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. Ekki sé ágreiningur um málsatvik sem slík, þ.e. að frístandandi áltrappa sem M stóð í, hafi gefið sig, og haggi það því ekki almennum sönnunarkröfum að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið fyrir en 20. janúar 2022. Umrædd trappa hafi verið í daglegri notkun og ekkert bent til þess að hún hafi verið í ólagi, engin önnur slys megi rekja til notkunar hennar og X hafi ekki borist neinar kvartanir vegna ástands hennar. M hafi þá sjálfur notað tröppuna dagana á undan og hefði ástand hennar verið ófullnægjandi, sem sé ósannað, hefði M átt að vera það ljóst. Ekkert liggir fyrir um að slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika sem X geti bor skaðabótaábyrgð vegna.

**Álit.**

Samkvæmt framansögðu eru þau atvik sem leiddu til líkamstjóns M, þ.e. að stigi sem hann notaði til að komast upp á loft í þurrgámi hafi brotnað undan honum, í sjálfu sér óumdeild. Þar sem upplýst er um málsatvik verður ekki talið að tilefni sé til að víkja frá almennum sönnunareglum hvað varðar aðra þætti málsins þrátt fyrir að slys M hafi ekki verið réttilega tilkynnt til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir því á M. Eftir stendur þá að meta hvort það að stiginn gaf sig með þessum hætti leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Af frásögn M má ráða að hann hafi notað umræddan stiga með sama hætti dagana á undan og kemur ekkert fram um það að eitthvað hafi verið sýnilega athugasemdir við stiginn á þeim tíma en stiginn virðist hafa verið notaður með þessum sama hætti í einhver ár. Þá virðist því ekki haldið fram að stiginn, eða gerð hans, hafi í sjálfu sér ekki hentað til verksins, haft í för með sér augljósa slyshættu, eða verið óöruggur. Þá liggur ekkert fyrir um að M eða aðrir starfsmenn X hafi gert athugasemdir við umræddan aðbúnað, gerð eða ástand stigans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til atvika sem X ber bótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir